

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Kaldrananeshrepps vegna iðnaðarsvæðis og frístundabyggðar í Ásmundarnesi.

Skipulagsstofnun staðfesti 18. nóvember 2022 breytingu á aðalskipulagi Kaldrananeshrepps 2010-2030 sem samþykkt var í sveitarstjórn 19. september 2022.

Í breytingunni felst skilgreining á um 5,3 ha iðnaðarsvæði II1 í landi Ásmundarness í Bjarnarfirði vegna áforma um allt að 45 tonna fiskeldi. Jafnframt er skilgreind um 3,8 ha frístundabyggð FS11 þar sem gert er ráð fyrir sjö frístundalóðum. Landbúnaðarsvæði minnkar til samræmis.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 18. nóvember 2022.

Ólafur Árnason.

B-deild – Útgáfudagur: 28. nóvember 2022